

Nokkrar perlur í Uppsveitum #2

Hjólaferð | 13. – 15. ágúst 2021 | 2 dagar – 2 nætur



Fararstjóri: Brandur Jón H. Guðjónsson

Þær eru víða náttúruperlurnar á Íslandi og í þessari ferð verður kíkt á örfár slíkar á afmörkuðum svæðum í uppsveitum Árnassýslu.

Ferðin hentar öllu hjólafólki, ekki tæknilega krefjandi, en þátttakendur þurfa að vera í þokkalega góðu formi því að í báðum dagleiðum er farið um mishæðótt landslag sem reynir á úthald, svo þær taka lengri tíma en kílómetrafjöldinn segir til um.

Áhersla á að njóta en ekki þjóta!

Hvor hjólaleið er að mestu um fáfarna malarvegi eða sæmilega jeppaslóða.

Hver og einn þátttakandi kemur með sitt eigið hjól til þess að nota í ferðinni – framdempanði eða fulldempanði **fjallahjól á breiðum og grófum dekkjum eru skilyrði** – ath. að þetta er kjörið líka fyrir fjallahjól með rafmótorstuðningi (rafhjól)



1



Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 510 9500 | ferdir@fjallakofinn.is





Hámark 10 manns / lágmark 6 manns

Dagskrá:

föstudagurinn 13. ágúst – mæting á gistiheimilið Nónstein í Árnesi seinnipart dags, kvöldverður og gisting.


laugardagurinn 14. ágúst – Ekið eftir malarvegi innar í sveitina (aksturstími upb. 25-30 mín.) og svo hjólað eftir grófum jeppaslóða inn að mjög fallegum útsýnisstað, og til baka aftur. Þessi hjólaleið er u.þ.b. 15 km. en síðan verður bætt við þetta annari álíka langri hjólaleið, eftir að í Árnes er komið aftur – kvöldverður og gisting

sunnudagurinn 15. ágúst – Akstur yfir í næstu sveit, fyrri hluti dagleiðarinnar og síðustu kílómetrarnir eru eftir ágætum malarvegum, en þar á milli taka við grófari jeppaslóði og kindagötur – m.a. þarf að fara yfir eina vatnslitla á. Hjólaleiðin u.þ.b. 25 km



Gisting á gistiheimilinu Nónsteini og máltíðir á veitingastaðnum Brytanum í Árnesi

- Gisting í tvær nætur / sameiginleg baðherbergi
- Morgunverðir
- Nesti fyrir báða hjóladagana
- Tveir þriggja rétta kvöldverðir



Þjónusta & verð:

Innifalið í verði ferðarinnar	Gisting og allar máltíðir	Nónsteinn og Brytinn, Árnesi
	Fararstjórn	Brandur Jón H. Guðjónsson
Ekki innifalið	Akstur að og frá Árnesi í upphafi og í lok ferðar Akstur að og frá upphafs og endastöðum hjólaleiða Drykkir með kvöldverðum og annað það sem ekki er talið upp í „innifalið“	
Verð	Verð á mann í tveggja manna herbergi	54.900
	Verð á mann í eins manns herbergi	64.900

Ábendingar:

Lágmarks þátttaka er 6 manns. Ef lágmarks þátttöku er ekki náð verður ferðin felld niður og endurgreitt að fullu. Fjallakofinn – Ævintýraferðir/Ferðaskrifstofan Íslandsvinir og fararstjórar hennar áskilja sér allan rétt til að breyta áætlunum ferða ef veður, færð, umferð og/eða ástand vega, eða aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður gefa tilefni til. Fjallakofinn-Ævintýraferðir/Íslandsvinir eru með skilmála sem unnið er eftir varðandi alferð sem þessa og lesa má um hér: <http://ferdir.fjallakofinn.is/is/page/skilmalar>

Skráning og nánari upplýsingar með því að senda póst á ferdir@fjallakofinn.is eða í gegnum skilaboð (Messenger) á Facebook síðunni okkar <https://www.facebook.com/islandsvinir/>

Farþegar í ferðum Íslandsvina / Fjallakofans- Ævintýraferða fá sérkjör í **Fjallakofanum**

